

Miðvikudaginn 21. mars 1990.

Nr. 127/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Björgólfi Guðmundssyni o.fl.

Kærumál. Verjandi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Bergur Guðnason héraðsdómslögmaður, verjandi eins ákærða í ofangreindu máli, hefur með kæru 20. þ.m. samkvæmt heimild í 10. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, skotið til Hæstaréttar synjun sakadómara Sverris Einarssonar, Arngríms Ísbergs og Ingibjargar Benediksdóttur sama dag um, að hann fái að láta fulltrúa sinn mæta fyrir sína hönd að hluta við munnlegan flutning ofangreinds máls. Krefst hann þess, að neitunin verði felld úr gildi.

Með bréfi 20. þ.m. fór Bergur Guðnason héraðsdómslögmaður, skipaður verjandi Árna Árnasonar, þess á leit við sakadómara í ofangreindu máli, að þeir leyfðu fulltrúa hans, Þóreyju Aðalsteinsdóttur, cand. juris, að vera við málflytning í fjarveru hans, þar sem hann hygðist fara til útlanda þann 26. apríl og dveljast þar til 6. maí 1990. Lögmaðurinn tók jafnframt fram, að hann yrði sjálfur viðstaddur málflytning 24. og 25. apríl og síðan þann 7. maí og eftir þörfum frá þeim tíma og myndi sjálfur flytja málsvörn fyrir skjólstæðing sinn, þegar að henni kæmi. Taldi hann fullvíst vera, að engin réttarspjöll hlytust af fjarveru sinni.

Erindi verjandans var tekið fyrir á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sama dag. Kemur þar fram, að fyrirhugað sé að hefja flutning málsins þriðjudaginn 24. apríl nk.

Sakadómur synjaði ósk verjandans á þeirri forsendu, að verjendastarf sé persónubundið, að því er snertir flutning máls, og með öllu óeðlilegt, að sá, sem á að flytja vörn, hlýði ekki sjálfur á sókn sakar á hendur skjólstæðingi sínum, enda sé hún munnleg og ekki skráð. Ljóst þyki, að sá hluti ræðu sækjanda málsins, er lýtur að sókn sakar á hendur skjólstæðingi verjandans, verði fluttur á því tímabili, er verjandinn hyggt vera fjarverandi.

Með vísan til raka sakadóms ber að staðfesta hina kærðu synjun.

D ó m s o r ð:

Hin kærða synjun sakadóms Reykjavíkur er staðfest.
